# Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNA

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246



wpd

## Öflugur liðsfélagi óskast við þróun vindorku – Tækni- eða Verkfræðingur

wpd leitar að metnaðarfullum og áreiðanlegum liðsfélaga með tækni- eða verkfræðimenntun og reynslu sem nýtist í starfi. Um er að ræða verkefnaþróun vind- og sólarorkukosta á skrifstofu fyrirtækisins hér á landi ásamt tæknilegri vinnslu.

wpd er þýskt orkufyrirtæki sem er með 24.335 MW í þróun í 31 landi þar sem settar hafa verið upp 2.750 vindmyllur og 6.670 MW af afli í vind- og sólarorku. wpd Ísland ehf. er dótturfyrirtæki wpd GmbH og er með nokkra vindorkukosti í þróun á Íslandi og er með skrifstofur í Garðabæ.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Umsjón með verkferlum, samskipti við yfirvöld, og aðra hagaðila
- Tæknileg þróunarvinna
- Upplýsingaöflun og gagnagreining
- Virk þátttaka í þróun verkefna wpd á Íslandi með fjölþjóðlegu teymi
- Upplýsingamiðlun
- Önnur tilfallandi störf

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tækni- eða verkfræðimenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla í orkugeira er kostur
- Rafmagnsverkfræði er kostur
- Þekking á landupplýsingakerfum (GIS) er kostur
- Góð samskipta- og skipulagsfærni
- Mikill áhugi á endurnýjanlegri orku, vilji til að læra og vaxa á því sviði
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og geta til að takast á við fjölbreytt verkefni í alþjóðlegu umhverfi
- Góð þekking á öllum Microsoft Office forritum
- Gott vald á íslensku og ensku í bæði rituðu og töluðu máli

**Fríðindi í starfi**

Fyrirtæki með flatt skipulag þar sem að hugmyndirnar þínar fá tækifæri til að vaxa í alþjóðlegu umhverfi.

Taka þátt í þróun og uppbyggingu vindorku á Íslandi og öðlast reynslu og þekkingu samhliða því.

Umsóknarfrestur er til 14. júní næst komandi. Farið verður jafn óðum yfir umsóknir og boðað í viðtöl.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gísli Gamm í síma 782 7874 eða á netfanginu info@wpd.is.



LANDSTÓLPI

## Þjónustustjóri í þjónustudeild

Landstólpi ehf leitar að öflugum aðila til þess að stýra þjónustudeild félagsins í aðalstarfstöð þess í Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi.

Starfið felst í rekstri þjónustudeildar, samskiptum við viðskiptavini, innkaupum á varahlutum, reikningsgerð, mannahaldi og öðrum tilfallandi verkefnum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Skipulag þjónustu við mjaltaþjóna
- Innkaup á varahlutum
- Áætlanir og reikningagerð
- Þjónusta við öll tæki og vélbúnað í eigu félagsins ásamt þeim búnaði sem félagið selur

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Almenn þekking á vélum og vélbúnaði
- Almenn þekking á landbúnaði er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Vélfræði/iðnmenntun æskileg



Norconsult Ísland ehf.

## Ert þú byggingar- eða rafmagnsverkfræðingur / tæknifræðingur?

### Hefur þú áhuga á endurnýjanlegri orku?

Við óskum eftir að ráða öflugan einstakling í raforkuteymið okkar, þar sem meðal annar fer fram hönnun á háspennulínum víðs vegar um heiminn.

**Helstu kostir:**
- Meistarapróf í byggingar- eða rafmagnsverkfræði / tæknifræði
- Reynsla af mannvirkjahönnun
- Reynsla af hönnun raforkuflutningsmannvirkja er kostur
- Gott vald á einu norðurlandatungumáli er kostur
- Samskipta- og skipulagshæfileikar, leiðtogahæfileikar, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Frábært tækifæri til að starfa hjá fyrirtæki á alþjóðlegum vettvangi við úrlausn samfélagslega mikilvægra verkefna.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Þorgeir Hólm Ólafsson / thorgeir.holm.olafsson@norconsult.com

Umsóknir sendist á:
birna.eggertsdottir@norconsult.com

**Umsóknarfrestur er til 21. júní 2024. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

Norconsult á Íslandi er partur af alþjóðlegu ráðgjafafyrirtæki og jafnframt stærstu verkfræðistofu Noregs með yfir 6000 starfsmenn þar sem verkefnin spanna frá skipulagi innviða til verkfræði og arkitektúrs. Á Íslandi starfa um 80 manns við verkfræði og arkitektúr í gegnum dótturfélög Norconsult við innlend og erlend verkefni víðs vegar um heiminn.



Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

# Lögfræðingur á skrifstofu fjármála og innri rekstrar

**Það er margt að gera á stóru heimili og viðfangsefni lögfræðings á skrifstofu fjármála og innri rekstrar geta verið af margvíslegum toga.**

Við leitum að lögfræðingi með meistarapróf sem er klár í að sinna nokkrum hlutverkum og fyrir vikið öðlast dýrmæta yfirsýn og reynslu á sviði stjórnsýslunnar.

Auk hefðbundinna verkefna lögfræðings í ráðuneyti þarf viðkomandi að sinna almennum skrifstofustörfum, leysa af ritara ráðherra þegar þess er þörf auk þess að sinna ákveðnum verkefnum tengd innri þjónustu.

*Í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu gefast ótal tækifæri til að móta og skapa framtíðina í ráðuneyti sem ætlar sér að vera leiðandi í verkefnamiðuðu og árangursdrifnu vinnulagi.*

**Umsóknarfrestur er til og með 14. júní 2024.**

Allar nánari upplýsingar um starfið, menntunar-
og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is.

Ráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið. Ráðuneytið er jákvætt fyrir störfum óháð staðsetningu.



HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Lyflæknir/sjúkrahússlæknir

## við Lyflækningadeild HSU Selfoss

Laus er til umsóknar 80-100% staða læknis á Lyflækningadeild HSU.

HSU veitir heilsugæslu-, sjúkrahúss- og öldrunarþjónustu ásamt því að annast sjúkraflutninga. Þjónustusvæðið nær frá Þorlákshöfn í vestri til Hafnar í austri.

Hlutverk HSU er að móta, þróa og útfæra heilbrigðisþjónustu í umdæminu og tryggja íbúum Suðurlands og öðrum þjónustuþegum jafnan aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á að veita hverju sinni.

Þjónustumarkmið HSU byggja á gildum okkar um fagmennsku, virðingu og samvinnu. Velferð og þarfir þjónustuþega eru okkar leiðarljós.

Lyflækningadeildin er 18 rúma og að auki eru þar fjögur líknarrými.

Við deildina starfa lyflæknar með sérfræðiviðurkenningu í krabbameinslækningum, hjartalækningum, lungnalækningum, öldrunarlækningum og meltingarfæralækningum.

Læknar lyflækningadeildar HSU taka þátt í þjálfun læknanema, sérnámsgrunnslækna og sérnámslækna í heimilislækningum og eiga í nánu samstarfi við bæði Bráðamóttöku HSU og Heimaspítala heilsugæslunnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Starfinu fylgir bakvaktaskylda og þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þ.m.t. læknanema, sérnámsgrunnslækna og sérnámslækna í heimilislækningum.

Læknar lyflækningadeildarinnar veita læknum bráðamóttöku HSU og heilsugæslulæknum á svæðinu ráðgjöf á sviði lyflækninga og eftir atvikum innan sinna sérgreinar.

Samhliða umsjón með deildarstörfum er möguleiki á göngudeildarstarfsemi og rannsóknarstarfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Íslenskt lækningaleyfi
- Gerð er krafa um sérfræðiviðurkenningu í lyflækningum eða sjúkrahússlækningum og æskilegt er ef umsækjandi hefur sérfræðiviðurkenningu í einhverri undirsérgrein lyflækninga þó að það sé ekki skilyrði
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

**Nánari upplýsingar**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Starfið veitist samkvæmt samkomulagi.

Umsókninni þurfa að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi ásamt ítarlegri ferilskrá.

**Umsóknarfrestur er til og með 01.07.2024.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Helgi Hafsteinn Helgason yfirlæknir lyflækningadeildar – helgi.h.helgason@hsu.is eða síma 4322000




Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauglýsingu á
**atvinna@mbl.is**
Morgunblaðið


# EMBASSY CHAUFFEUR

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu einkabílstjóra lausa til umsóknar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/ Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Chauffeur. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/ Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)

LANDSTÓLPI

# Vélamaður

## á mannvirkjasviði

Landstólpi leitar að öflugum vélamanni til starfa við jarðvinnudeild félagsins.
Starfið er að mestu leyti á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi.
Starfsmaður þarf að vera vanur vélamaður/gröfumaður.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Þarf að geta unnið sjálfstætt og stýrt öðrum starfsmönnum
- Skipulag á verkstað og kunna skil á lagnavinnu
- Almenn gröfuvinna
- Vélaflutningar/efnisflutningar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi skilyrði
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Þjónustulund og góð samskipti
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í hóp
- Hafa góðan skilning á alhliða byggingaframkvæmdum

intellecta.is

# RÁÐNINGAR



# Sviðsstjóri fjármálaþjónustu

Fjársýslan

**Fjársýslan óskar eftir að ráða öflugan leiðtoga fyrir nýtt svið fjármálaþjónustu.**

Fjársýslan veitir ríkisaðilum fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf á sviði opinberra fjármála, mannauðs og innkaupa og leggur áherslu á framþróun og umbætur í ríkisrekstri.

Við leitum að drífandi leiðtoga sem hefur metnað og getu til að leiða virðisaukandi ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu á nýju sviði fjármálaþjónustu. Nýr sviðsstjóri verður í lykilhlutverki við að nýta margvísleg tækifæri til aukinnar sjálfvirknivæðingar, hagnýtingu gagna og gervigreindar.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

Hlutverk og markmið sviðs fjármálaþjónustu er að veita ríkisaðilum fjölbreytta þjónustu, allt frá áætlanagerð til bókhalds og framsetningar uppgjöra og ríkisreiknings.

Áhersla er á samþættingu ferla, aukna skilvirkni og að þróa virðisaukandi fjármálaráðgjöf og þjónustu viðskiptavinum til ávinnings.

Sviðsstjóri heyrir beint undir fjársýslustjóra og er hluti af framkvæmdastjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Grunn- og meistaragráða á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Góð reynsla í að leiða stafræn umbótaverkefni, breytingastjórnun og endurhönnun ferla
- Farsæl reynsla af fjármálaráðgjöf, bókhaldi og uppgjörsvinnu
- Frumkvæði, faglegur metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf (hvort tveggja á íslensku) þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Um 100% starf er að ræða og eru laun samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og viðeigandi stéttarfélags. Við ráðningu í starfið er farið eftir jafnréttisstefnu Fjársýslunnar.

Umsóknarfrestur er til og með **18. júní 2024**.
Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

---

Norconsult Ísland ehf.

# Ert þú rafmagns verk- eða tæknifræðingur?

## Hefur þú áhuga á kerfisgreiningum og raforkukerfum?

Við óskum eftir að ráða öflugan einstakling í raforkuteymið okkar.

**Helstu verkefni eru á sviði:**

- Kerfisgreininga
- Raffræðilegrar hönnunar á háspennulínum
- Hönnunar á tengivirkjum
- Hönnunar á jarðstrengjum

**Helstu kostir:**

- Reynsla af kerfisathugunum og líkanagerð
- Reynsla af forritun með Python og gagnagrunnum

**Frábært tækifæri til að starfa hjá fyrirtæki á alþjóðlegum vettvangi við úrlausn samfélagslega mikilvægra verkefna.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Birgir Hallgrímsson / birgir.hallgrimsson@norconsult.com

Umsóknir sendist á:
birna.eggertsdottir@norconsult.com

**Umsóknarfrestur er til 21. júní 2024. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

Norconsult á Íslandi er partur af alþjóðlegu ráðgjafafyrirtæki og jafnframt stærstu verkfræðistofu Noregs með yfir 6000 starfsmenn þar sem verkefnin spanna frá skipulagi innviða til verkfræði og arkitektúrs. Á Íslandi starfa um 80 manns við verkfræði og arkitektúr í gegnum dótturfélög Norconsult við innlend og erlend verkefni víðs vegar um heiminn.





VINNUMÁLA STOFNUN

# Viltu gerast fræðsluaðili?

Vinnumálastofnun auglýsir eftir tilboðum í virkni-og námsúrræði fyrir alla atvinnuleitendur á skrá hjá stofnuninni. Vinnumálastofnun rekur átta þjónustuskrifstofur í kringum landið.

Skilgreind náms- og virkniúrræði Vinnumálastofnunar falla undir eftirfarandi flokkun og er leitað eftir tilboðum sem fallið geta að þeim:

- Íslenskunámskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur
- Sjálfstyrkingarnámskeið
- Starfsleitarnámskeið
- Starfstengd námskeið
- Tölvunámskeið

Ef þú ert með námskeið eða úrræði sem þú telur að eigi erindi við atvinnuleitendur en fellur ekki undir tilgreinda flokka, þá getur þú engu að síður sent inn tilboð.

Jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum er boðið að leggja inn tilboð. Vinnumálastofnun kaupir þjónustu af aðilum sem eru vottaðir og/eða samþykktir.

Tilboðum skal skilað í gegnum sérstakt umsóknarform á vef Vinnumálastofnunar fyrir 1.júlí 2024.

**Allar nánari upplýsingar má finna á vef Vinnumálastofnunar: www.vmst.is**

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Grensásvegi 9, 108 Reykjavík Sími 515 4800 www.vmst.is

# Smáauglýsingar 569 1100

## Hljóðfæri

**Gítarinn ehf.**
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Hljómborð á tilboði**

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

**Gítarinn ehf.**
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Kassagítarar á tilboði**

**Gítarar**
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?**

Kaupum bíla 23-250 þús.

**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**

## Húsviðhald

**Húsaviðgerðir**
**www.husco.is**
**Sími 555 1947**
**Gsm 894 0217**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK**
**FLOTUN - SANDSPARSL**
**MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

**mbl.is**
**alltaf - alstaðar**

## Byggingar

**Byggingafyrirtæki**
**getur bætt við sig verkum**

**Uppslátt** á húsum og sökklum.

**Þakendurbætur**, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.

**Stálgrindarhús**, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.

**Sumarhús**, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.

**Nánari upplýsingar** , Bjössi smiður á google, s 893-5374

**nybyggd@gmail.com**

## Veiði

**HEIMAVÍK**
**Sumarið er tíminn**




*Sjóbleikjunet - Silunganet*
*Fyrirdráttarnet*
*Laxanet fyrir veiðirétthafa*
*Ofurbleikjunet, grunn*
*Kraftaverkanet – margar tegundir*
*Bólfæri - Netpokar*
*Eitthvað meira skemmtilegt*

*Sendum um allt land*

***Þekking – Reynsla – Gæði***

**HEIMAVÍK EHF**
**heimavik.is**
**s. 892 8655**

## Málarar

**Málarar**

Tökum að okkur öll almenn málningarverkefni við erum faglærðir málar með mikla reynslu. Sangjarnir í verðum. Hafið samband ísíma 782-4540 eða loggildurmalari@gmail.com

## Til sölu




**LiFePO4 rafgeymar til sölu:**
12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk
12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk
12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk
**Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube**



**Merbau pallaefni(mahogany) 21x145mm Verð tilboð**



**Bankirai** pallaefni(parket) 21x145mm Verð tilboð
**Cumaru** panill 10x90mm og pallaefni 21x90mm, 21x140mm
**Penofin** harðviðarolía 3,8 lítrar

**Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf.**
**opið 10-14 virka daga**
magnus@vidur.is
**gsm: 660 0230 Magnús**

## Ýmislegt

**Skönnun og ljósritun**



**SAMSKIPTI** prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Sandblástursfilmur**



**SAMSKIPTI** prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Inni og útiskilti**



**SAMSKIPTI** prentlausnir fyrir skapandi fólk

**RollUp & BannerUp**



**SAMSKIPTI** prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Teikningaprentun**



**SAMSKIPTI** prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Sálmaskrár**



**SAMSKIPTI** prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Sólarfilmur**



**SAMSKIPTI** prentlausnir fyrir skapandi fólk

STAFRÆN
**Framköllun**



**SAMSKIPTI.is** prentlausnir fyrir skapandi fólk



**Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakíu**
Jessenius Faculty of Medicine heldur inntökupróf á netinu 11 Júlí umsóknarfrestur 1 Júlí. og
10 ágúst umsóknarfrestur 1 ágúst
www.jfmed.uniba.sk/en
**Uppl. kaldasel@islandia.is**
**s. 8201071**

**Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur**

**Síðumúla 31**
**588 6060 og 894 4014**

Félagið býður uppá miðilseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a.
**Þórhallur Guðmundsson miðill.**
- Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

**Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins**

**SRFR.**

## Bílar



**Nissan Leaf Accenta 40 kWh drifrafhlaða.** 12/2021. Ekinn aðeins 12.000 km. Raun drægni er um 220 km. Þetta er þekktast og öruggasti rafmangsbíllinn á markaðinum síðustu 12 árin. Það eina sem þarf að gera er að setja rúðupiss. Frábært verð fyrir svona líðið ekinn bíl **3.290.000,-**

SPARIbíll

**www.sparibill.is**
**Hátúni 6 A – sími 577 3344.**
**Opið kl. 10–18 virka daga.**

## Sumarhús



**Sumarhús –Heilsárshús**
**Gestahús –Breytingar**

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla –
endilega kynnið ykkur málið.
**Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is**

# Raðauglýsingar 569 1100

## Tilkynningar

# Auglýsing um tillögu að breytingu á hverfisskipulagi og tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr., sbr. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á hverfisskipulagi í Reykjavík.**

### Breiðholt, hverfi 6.1 Neðra Breiðholt

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. maí 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. maí 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts hverfi 6.1 Neðra Breiðholt. Í breytingunni sem lögð er til felst að skipulagsmörkum þróunarreits 6.1.6.Þ er breytt til þess að ná utan um leikskólalóð við Arnarbakka 4. Skilmálaeining 6.1.1.ÍB mun minnka, þar sem grænt svæði sem tilheyrir skilmálaeiningunni verður fellt inn í þróunarreit 6.1.6.Þ. Eftir að uppbyggingu á svæðinu er lokið, samkvæmt nýju deiliskipulagi, er gert ráð fyrir að skipulagið verði fellt inn í hverfisskipulag Neðra-Breiðholts og fá skilmálaeiningarnúmerið 6.1.6. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Breiðholt I - breyting á deiliskipulagi - Arnarbakki 2-6, 8 og 10

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. Maí 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. maí 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholt I vegna lóðanna nr. 2-6, 8 og 10 við Arnarbakka. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að koma fyrir leikskóla á jarðhæð húss á lóð nr. 4, stækka lóð og auka byggingarmagn vegna leikskólans. Færa íbúðarlóð nr. 6 innan svæðisins og breyta henni í lóð nr. 10. Lóð nr. 6 verður leikskólalóð og heimilt verður að reisa á henni útileikstofu. Stúdentaíbúðum í húsum nr. 2 og 4 og íbúðum í húsi nr. 10 (áður nr. 6) verður fjölgað og þakformum húsa nr. 2, 4 og 10 verður breytt. Sameiginleg lóð verður gerð fyrir bílastæði og djúpgáma á svæðinu ásamt því að byggingarreitur verður gerður fyrir hjóla- og sorpgeymslur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Haukahlíð reitur I - Haukahlíð 6

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. Maí 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. maí 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reits I við Haukahlíð, lóð nr. 6 við Haukahlíð. Í breytingunni sem lögð er til felst fjölgun íbúða úr 70 íbúðum í 85 leiguíbúðir. Einnig breyting; á hlutföllum íbúðastærða fyrir lóðina, á skilmálum um randbyggð og útlit á þann hátt að norður og suðurhlið verði deilt í fjórar einingar í stað fimm, á skilmálum um frágang innan lóða, á skilmálum um ofanvatnslausnir og jarðvegsdýpt auk þess sem deiliskipulagsmörk verða færð að lóðamörkum. Einnig fjölgun bílastæða í kjallara í 54 stæði ásamt útlistingu á fyrirkomulagi aðgengis í bílakjallarann sbr. niðurstöðu á uppfærslu samgöngumats. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, w*ww.skipulagsgatt.is*. Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 6. júní 2024 til og með 19. júlí 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 19. júlí 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á ***skipulag@reykjavik.is***.

Reykjavík 6. júní 2024
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Reykjavík

## Útboð



### Nýtt stofnræsi skólplagna í Hlíðarbergi

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í lagningu á nýju stofnræsi fyrir skólplagnir í Hlíðarbergi. Um rafrænt útboð er að ræða og skal öllum tilboðum og fylgigögnum skilað í gegnum rafræna útboðskerfið AjoursystemTender.

Útboðsgögn verða aðgengileg í rafræna útboðskerfinu frá og með miðvikudeginum **5.6** og skal tilboðum skilað rafrænt í gegnum sama kerfi miðvikudaginn **19.6** fyrir kl. 11. **Verklok eru 15.10.24.**

Nánar á:
**hfj.is/utbod**

Hafnarfjörður

## Tilboð/útboð

# ÚTBOÐ

**Reykjavíkurborg**
Innkaupaskrifstofa
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043
Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Borgaskóli 2024. Endurgerð lóðar - 2. áfangi,**
  útboð nr. 16014

Nánari upplýsingar er að finna á
**www.reykjavik.is/utbod**

## Félagsstarf eldri borgara

**Aflagrandi 40** Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Opin vinnustofa 9 -12:00 – Boccia 10:15 - 11:00 - Hádegisverður kl. 11:30-12:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 - Húsið lokar kl. 15:45. Nánari upplýsingar í síma 411 2701 - Verið öll velkomin.
**Árskógar 4** Líkamsræktarhornið opið. Gönguhópur kl. 10. Samvera með presti kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Fatasalan Logi 12-15. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.
**Boðinn** : Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.
**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 8:30-12:00 Morgunleikfimi á RUV kl. 9:45-10:00. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Heimaleikfimi á RUV kl. 13:25-13:35. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.
**Garðabær** 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 10.00 Ganga frá Jónshúsi 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia 13.20-16.00 Kaffiveitingar í Jónshúsi
**Gerðuberg** Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni. Bútasaumur kl. 13:00-16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu.
**Gjábakki** Opnar vinnustofur (handavinnustofa og verkstæði) kl. 8.30 til 11.30. Qigong kl. 9 til 10.15. Bókband kl. 13 til 15.30.
**Gullsmári** Opin handverksstofa frá kl. 9:00- 15:30. Qi Gong hreyfing kl. 10:30.
**Hraunsel** Billjard: Kl. 8:00-16:00. Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.
**Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9-16. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30-12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.
**Korpúlfar Borgir** Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta kl. 12:30 Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.
**Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43** Morgunkaffi 10:00. Vítamín í Valsheimilinu 10:00. Memmm fjölskyldustund 13:00-15:00. Samprjón 13:00-14:30. Opið kaffihús 14:30-15:30, allir velkomnir.
**Samfélagshúsið Vitatorgi** Postulínsmálun kl. 9:00-12:00. Opin handverksstofa kl. 13:00-16:00. Dansleikur með Vitatorgsbandinu kl. 14:00-15:00. Vítamín í Val - ókeypis styrktarþjálfun í Valsheimilinu kl. 10:00-11:00. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Hundavinaverkefni Rauða krossins - hundurinn Spori kemur í heimsókn kl. 15:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.
**Seltjarnarnes** Vatnsleikfimi í sundlauginni kl. 07.10. Kaffikrókur á Skólabraut kl. 11.00. Í dag ætlum við að spila í króknum kl. 13.30. Allir velkomnir. Karlakaffi í safnaðarheimilinu kl. 14.00. Minnum á skráninguna í Vestmannaeyjaferðina nk. þriðjudag. Allir velkomnnir óháð búsetu.

mbl.is Alltaf Allsstaðar